

Stjórnarfundur Leiðsagnar

7. júní 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS),
Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi

Á fjarfundi: Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður sem
tekur sæti meðstjórnanda vegna forfalla.

Boðuð forföll: Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Hallfríður Þórarinsdóttir (HP) varamaður.
Fjarverandi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) varamaður, Pétur Gunnarsson (PG) varamaður.

1.	Fundur settur	Formaður býður fundarmenn velkomna. Fundargerð frá 3.5. hefur verið samþykkt í tölvupóstum.	U	Friðrik
2.	Leitarvél -félagatal	Leitarvél félagatalsins er tilbúin. Tilkynning og leiðbeiningar verða sendar út á morgun. Þá er það verkefni félagsmanna sjálfra að fylla út upplýsingar um sig. Eins er það á ábyrgð félagsmanna að allar upplýsingar um viðkomandi séu réttar.	U	Friðrik Snorri
	Rafræn skilríki	Rafrænu skilríkin hafa vakið mikla ánægju og eru yfir 200 manns búnir að sækja þau.	U	
3.	Auka-aðalfundur - Kjaramálafundur	Auka-aðalfundur þarf að halda í september/október til þess að ákvarða m.a. félagsgjaldið, en einnig ræða kjaramálalabaráttuna sem er framundan. Dagsetning ekki fastákveðin en talið nauðsynlegt að þessi fundur sé haldinn á undan haustráðstefnunni í tilefni af 50 ára afmæli félagsins.	U	Friðrik Stjórn
	Haustráðstefna 22. október	Hvað varðar haustráðstefnuna þá er búið að fastsetja dagsetninguna 22. október. Lilja Dögg Alfreðsdóttir ráðherra hefur samþykkt að ávarpa ráðstefnuna. Búið er að panta fyrirlestrasalinn í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur, sem þykir mjög við hæfi af mörgum ástæðum, þetta er heimili tungumálanna sem er helsta vinnutæki leiðsögumanna og eins er Vigdís heiðursfélagi Leiðsagnar. Rætt um að bjóða henni sérstaklega til leiks. Reiknað er með ca 4 klst ráðstefnu þar sem boðið verður upp á veitingar, stofnfélagar heiðraðir og ýmis málefni rædd. Þema eða megináhersla ráðstefnunnar er enn í mótun. Rætt um að bjóða SAF til samtals, sem er okkar helsti samstarfsaðili, eins rætt um mikilvægi samstarfs við Landvernd o. fl. aðila.	U	Friðrik
4.	Útskriftir - Skjöldurinn - Félagsaðild nýútskrifaðra leiðsögumanna	Fagdeildin hefur fram að þessu séð um að mæta við útskrift leiðsögumanna úr MK og EHÍ, kynna félagið og afhenda Skjöldinn og félagaskírteinið til þeirra sem óskuðu að ganga í félagið við útskrift. Nú hefur Fagdeildin verið lögð niður sem slík og hefur afsalað sér þessu hlutverki. Tímabundið nú í vor munu stjórnarmenn ásamt starfsmanni sjá um það, en finna þarf varanlegt form á þessa hluti fyrir næsta vor því hér	U	Snorri Friðrik

		<p>hefur orðið talsverð stefnubreyting og leggja þarf ákveðnar línur um framkvæmdina í framtíðinni. Rætt um hvort Fagråd geti e.t.v. tekið við þessu fyrrum hlutverki Fagdeildar?</p> <p>Snorri mætti í MK þann 27. maí, kynnti félagið og þeir nýútskrifuðu leiðsögumenn sem vildu skrá sig í félagið gátu keypt bæði skjöldinn og skírteinið.</p> <p>Útskrift er hjá EHÍ 16. júní og spurning hver getur farið þá? Leifur og Guðný segjast vera á lausu.</p> <p>Hjá EHÍ hefur fyrirkomulagið á náminu breyst, er núna tvískipt, með eða án tungumálanáms, en með tungumálinu var áður veitt aðild að Fagdeildinni. Þetta flækir málið og ítrekar nauðsyn þess að endurskoða framkvæmdina og forsendurnar.</p> <p>Samþykkt að fresta þessu máli til haustsins og taka samtalið innan trúnaðarráðs áður en annað er ákveðið.</p> <p>Rafræn skírteini fá allir félagar í Leiðsögn og veita þau aflátt og sýna félagsaðild, en Skjöldurinn og plastskírteinið eru annars eðlis, hafa verið tákn þess að viðkomandi leiðsögumaður er með leiðsögumanns-menntun frá viðurkenndum skóla.</p> <p>Í komandi framtíð verður að vera til möguleiki fyrir reynda leiðsögumenn sem ekki hafa lokið námi að sýna fram á hæfni sína með raunfærnimati. Verður það sett í hendur Fagráðs að vinna að því máli í samstarfi við stjórn frá og með næsta hausti.</p>	U	Snorri
			U	Leifur Guðný
5.	<p>Samskipti og boðleiðir</p> <p>Fundargerðir</p>	<p>Samskipti innan félagsins virðast um árabíl hafa einkennst af óþarflega miklu ósamkomulagi og var lagt upp með það síðasta vetur að bæta samskiptin, en gekk misvel. Formaður leggur áherslu á almenna kurteisi og samskiptareglur sem sýna virðingu fyrir skoðunum annarra og vilja til góðra samskipta, og vísar til þeirrar grundvallarstaðreyndar að við erum öll að vinna að sama markmiði með hag félagsins að leiðarljósi. Við skuldum félaginu og okkur sjálfum að bæta samskiptin.</p> <p>Oftar en ekki hafa fundargerðir orðið tilefni óþarflega mikils karps um orðalag og aukaatriði. Formaður æskir þess að stjórnarfolk og trúnaðarráðsfolk sýni sanngirni og raunsæi í þessum efnum. Formaður og varaformaður hafa leitað til sérfræðinga innan ASÍ og mun stjórn gera sér verklagsreglur um fundi og fundargerðir og skerpa verkferla til að allir geti gert sér grein fyrir eðlilegum framgangsmáta funda og samþykka fundargerða.</p> <p>GME ber fram ósk um að ritun fundargerða dragist ekki um of og fundarmenn fái hana senda í tölvupósti innan nokkurra daga frá fundi. Formaður ítrekar enn á ný sanngirni í þessum efnum og að tímabil geti komi þar sem eðlilegar ástæður séu fyrir seinkun, svo sem eins og veikindi, ferðir o.fl.</p>	U	Friðrik
6.	Önnur mál	a) Rætt um skipan samninganefndar. SSS hefur óskað eftir tillögum frá trúnaðarráði en fengið lítil viðbrögð.	U	Snorri

	<p>Mun ítreka ósk sína í tölvupósti. Formaður félagsins og formaður kjaranefndar eru sjálfskipaðir í samninganefndina en æskilegt að fá 3 sterka aðila til viðbótar. SSS vill fá hagfræðing ASÍ í lið með okkur í bakland kjarasamninganefnar, og hefur hann tekið því erindi vel, en fyrst og fremst þurfum við að fylgja öðrum stéttarfélögum. Halda þarf trúnaðarráðsfund í ág/sept (fyrir auka-aðalfundinn) og ganga frá þessu máli.</p> <p>b) Námskeið: Snorri fór á námskeið Ríkisskattstjóra í samningatækni sem haldið var núna í vor á Ísafirði. Fannst honum það mjög gagnlegt, en m.a. var farið í hvernig hámarka má árangur fyrir báða samningsaðila. RSK mun halda fleiri slík námskeið í haust og hugsanlega mætti senda fleiri úr væntanlegri samninganefnd á slíkt námskeið.</p> <p>Einnig hefur Leiðsögn samið við Félagsmálaskóla ASÍ um að halda námskeið fyrir stjórn, trúnaðarráð og aðra áhugasama félagsmenn í september, þar sem farið verður í kjaramálin, kjarasamninga, vinnurétt, vinnulöggjöf og fleira.</p> <p>c) Skipa þarf fulltrúa stjórnar í Fagráð, Fræðslunefnd og Upplýsinganefnd. Nokkur nöfn nefnd og taka nokkrir stjórnarmenn að sér að hafa samband við þá sem helst koma til greina.</p> <p>d) Rætt á ný um að fá Jónas Guðmundsson hjá Landsbjörgu til að halda fyrirlestur um öryggismál fyrir félagsmenn, en í vor tók Fræðslunefnd að sér að hafa samband við hann og skipuleggja. GME sér um þetta.</p> <p>e) Ýmis önnur mál, m.a. uppsetning á one-drive fyrir félagið, hugsanleg þátttaka í söfnun SAF fyrir fjarstýrðum björgunarbát í Reynisfjöru o.fl.</p>	U	Snorri
		U	Harpa
		U	Guðný
		U	
	Fundi slitið 18:45		

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari